

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

10. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 8. september í Íþróttahúsinu við Strandgötu á skrifstofu íþróttafulltrúa.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Sigurjón Andersen (KK), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Magnús Gunnarsson (Haukar), Anders Már Þráinsson (SÍH), Kristín Pétursdóttir (SH), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Þórarinn Sófusson (GSE), Stefán Kristófersson (Fjörður). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Sævar Már Gústafsson (ÍH), Gunnar Bjarnason (AÍH), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Þórunn Ansnes (Sörli) og Viðar Halldórsson (FH).

## 1. Tillögur að fundum ÍBH september til desember 2014

Samþykkt var að halda næstu stjórnarfundum mánudaginn 6. október kl. 18.15, mánudaginn 3. nóvember kl. 18.15 og föstudaginn 28. nóvember kl. 18.15.

Samþykkt var að halda næstu framkvæmdastjórnarfundum mánudaginn 15. september kl. 12.00, mánudaginn 13. október kl. 12.00, mánudaginn 10. nóvember kl. 12.00 og föstudaginn 12. desember kl. 12.00.

Samþykkt að halda jólahlaðborð ÍBH föstudaginn 28. nóvember eftir stjórnarfundinn.

Samþykkt að halda formannafund ÍBH laugardaginn 15. nóvember frá kl. 10.00 – 14.00. Staður ekki ákveðinn, en á fundinum komu fram tillögur um félagssal Sundfélags Hafnarfjarðar í Ásvallalaug og félagsaðstöðu Þyts.

## 2. Styrkbeiðni

Lagt var fram bréf frá verkefnisstjóra Hátíðar Hamarskotslækjar Steinunni Guðnadóttur, þar sem óskað er eftir styrk frá ÍBH til löglegra mælinga á 10 km hlaupaleið frá Kaldárseli að Thorsplani í miðbæ Hafnarfjarðar (vatnsleið Hamarskotslækjar). Hlaupið er haldið í desember ár hvert. 14. desember nk verður hátíðin haldin í fimmta skipti og 110 ár eru frá því að Jóhannes J. Reykdal kveikti rafljós í 16 húsum í Hafnarfirði. Samþykkt að styrkja verkefnið að hámarki um kr. 50.000.

## 3. Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSÍ

Lagt var fram til kynningar bréf frá ÍSÍ þar sem óskað er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Aðildarfélag ÍBH hvött til þess að sækja um fyrir afrekskonur innan sinna raða. Umsóknarfrestur er föstudaginn 19. september nk. Nánari upplýsingar veitir Örvar Ólafsson starfsmaður ÍSÍ í netfanginu orvar@isi.is.

## 4. Haustfjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun 1. 2. og 3. stig

Lagt var fram bréf frá ÍSÍ um þjálfaramenntunina. Aðildarfélag ÍBH beðin um að kynna sér námskeiðin og hvetja þjálfara innan sinna raða til þátttöku á þeim. Skráningarfrestur er föstudagurinn 26. september nk.

## 5. Stofnþing Hjólreiðasambands Íslands

Var haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal þann 20. júní sl og hlaut það skammstöfunina (HRÍ). Hjólreiðar eru stundaðar í fimm héraðssamböndum / íþróttabandalögum og átta félögum / deildum. Innan ÍBH stunda Hjólreiðafélagið Bjartur og hjólreiðadeild Sundfélags Hafnarfjarðar íþróttina. Með HRÍ eru sérsambönd ÍSÍ orðin 30.

## 6. Barna- og unglingaráðstefna í Bosön í Svíþjóð

Verður haldin 18. -21. september nk. Ráðstefnan er haldin þriðja hvert ár á og með þátttakendum frá Norðurlöndunum. Þema ráðstefnunnar eru framtíðar íþróttafélög fyrir börn og unglunga og er hugmyndin að ræða hana sérstaklega út frá átta íþróttagreinum. Framkvæmdastjóri ÍBH tekur þátt í ráðstefnunni.

## **7. Endurskoðun á reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH**

Lögð voru fram drög merkt 1. september 2014 til kynningar fyrir fulltrúa félaganna. Vinnuferlinu var lýst í stuttu máli. Félögin voru beðin um að fara yfir drögin og koma athugasemdum sem fyrst til skrifstofu ÍBH ef þeim þykir ástæða til. Ákveðið var að vinnuhópurinn sem vann endurskoðunina hittist fyrir næsta stjórnarfund og að stefnt skuli að því að samþykkja endurskoðaða reglugerð á næsta stjórnarfund ÍBH. Hafnarfjarðarbær verður einnig að samþykkja reglugerðina.

## **8. Endurskoðun á rekstrarsamningum íþróttahreyfingarinnar**

Farið yfir stöðuna og næstu skref rædd.

## **9. Fundur íþróttabandalaga um inngönguumsókn í UMFÍ**

Íþróttabandalögin áætluðu að funda í hádeginu 8. september um stöðu mála í inngönguumsóknarviðræðum sínum við UMFÍ, en fundinum var frestað fram í næstu viku.

Til upplýsinga þá eru íþróttabandalögin búin að funda með UMFÍ frá því í lok febrúar á þessu ári um inngönguumsókn í UMFÍ. Umræðuefni fundanna kynnt í stuttu máli. Áætlað er að halda áfram að funda í lok mánaðarins.

## **10. Gögn sem ÍBH hefur borist:**

a). Bréf frá Frjálsíþróttasambandi Íslands um frjálsíþróttaping 6. -7. september á Akureyri.

## **11. Önnur mál**

- a). HM fór í stuttu máli yfir stöðuna í stefnumótun ÍBH og framhaldi á vinnunni.
- b). SK upplýsti fundarmenn um að Íþróttasamband fatlaðra hefði óskað eftir því að Íþróttafélagið Fjörður héldi Íslandsmót fatlaðra í apríl / maí 2015. Fyrirhugaðar íþróttagreinar eru sund, boccia, frjálsar, lyftingar, bogfimi og borðtennis.
- c). MG greindi frá því að Knattspyrnufélagið Haukar væru að fara af stað með heilsdagsskóla/frístundaheimili fyrir börn í 1. og 2. bekk eftir hádegi í félagssal Ásvalla og að félagið hefði auglýst þjónustuna í síðasta Fjarðarpósti. Ennfremur bætti MG við að félagið væri farið að stunda tvær nýjar íþróttagreinar kvenna blak einu sinni í viku og rubbý.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.50.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.